



Öldubrot

Fréttabréf Öldutúnsskóla



27. árgangur, 2. tölublað

Ágúst 2012

Ábm.: Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri

Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans.

- Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:30 til 15 alla skóladaga.
- Heimasíða skólans er: www.öldutunsskoli.is
- Sími skólans er 555 1546

Meðal efnis

Við upphaf skólaárs	1
Bekkjartenglar	1
Um læsi og nýja aðalnámsskrá Skólaráð	2
Haustfundir, hjól og umferð við skólann	3
Veikindi og leyfi	3
Skólastefna	4
Hafragrautur	4

Skólinn er opnaður klukkan 8 á morgnana.

A– álma skólans er þó **opnuð klukkan 07:45** og geta nemendur í 1. til 4. bekk verið þar í kennslustofum undir eftirliti skólaliða þar til kennsla hefst.

Við upphaf skólaárs

Við hefjum skólaárið 2012 til 2013 full orku og bjartsýni eftir eindæma gott sumar.

Nemendur eru 520 í 24 bekkjardeildum. Nýir kennarar og skólaliðar hafa verið ráðnir til starfa, en það eru Guðrún Alma Frímansdóttir sem kennir dönsku í unglingadeild, Brynja Stefánsdóttir, skólaliði, Guðrún Unnarsdóttir umsjónarkennari 3. bekk sem kemur í stað Helgu Kristínar Halldórsdóttur sem er í ársleyfi, Helga Eggertsdóttir verður með stuðning og forfallakennslu í unglingadeild, Kolbrún Björk Óladóttir, aðstoðarmaður, Ómar Freyr Rafnsson sem leysir Eddu Jóhannsdóttur sundkennara af í leyfi hennar, Þórunn Grétarsdóttir, umsjónarkennari í 5. bekk sem kemur í stað Margrétar Árnadóttur sem er í ársleyfi og Vilborg Ágústa Tryggvadóttir umsjónarkennari í 1. bekk sem kemur í stað Guðrúnar Aðalsteinsdóttir sem verður eingöngu í forfallakennslu í vetur. Við bjóðum þetta góða fólk velkomið til starfa.

Viðhald á húsnæði skólans hefur ekki verið neitt í sumar umfram það sem húsvörður hefur getað sinnt þar sem ekkert er fjármagn til ráðstöfunar fyrir slíkt og erum við uggandi yfir því. Velunnari skólans, sem ekki vill láta nafns síns getið, hefur gefið okkur leiktæki á skólalóðina að andvirði þrettán hundruð þúsund og verða þau sett niður á næstu vikum. Við erum að vonum afar þakklát fyrir þessa höfðinglegu gjöf og hlýhug sem viðkomandi sýnir okkur.

Endurnýjun á tölvubúnaði skólanna í bænum stendur fyrir dyrum, en ekki er ljóst á þessari stundu hvar í röðinni Öldutúnsskóli er. Það er knappur fjárhagur og lítið til ráðstöfunar fyrir kaup á kennslutækjum og aðeins það brýnasta hægt að kaupa. Við höfum lagt áherslu á snyrtilegt yfirbragð skólans og þannig að mest af því fjármagni sem við höfum haft fer í viðhald á húsgögnum og þar veltur á góðri umgengni nemenda svo sem minnst þurfi að fara í slíkt.

Við bjóðum nemendur og starfsfólk velkomna til starfa á nýju skólaári og hefjumst handa með gleði og metnað í farteskinu.

Bekkjartenglar

Á hverju hausti eru valdir að lágmarki þrjú foreldrar í hverjum bekk til að vera bekkjartenglar. Hlutverk þeirra er að vera tengiliðir viðkomandi foreldrahóps við stjórn félagsins og einnig umsjónarkennara bekkjarins. Tenglarirnir hafa gjarnan frumkvæði að samkomum í bekkjunum og skipuleggja vetrarstarfið á sérstökum fundum sem eru haldnir tvisvar á ári, einn á hvorri önn. Fundirnir eru vettvangur fyrir stjórn foreldrafélagsins til að hitta alla bekkjartengla og skipuleggja starf vetrarins. Við biðjum foreldra að íhuga hvort þeir vilji gefa kost á sér í þetta starf fyrir haustfundi foreldra með umsjónarkennurum sem boðað verður til í september. Foreldrastarf í Öldutúnsskóla hefur verið með miklum blóma og verið afar góður stuðningur við skólastarfið. Við metum þetta starf mikils og erum afar þakklát fyrir að eiga góðan foreldrahóp að.

Um læsi og nýja aðalnámskrá

Ný námskrá fyrir grunnskóla hefur tekið gildi og það er verkefni okkar á næstu tveimur árum að innleiða hana í námskrá skólans. Þar eru nýjar áherslur sem krefjast nýrrar hugsunar um nám, kennslu og námsmat. Menntastefna námskrárinnar er reist á sex grunnstoðum menntunar sem eiga að fléttast inn í allt skólasterfið. Grunnstoðirnar eru þessar:

LÆSI, SJÁLFBÆRNI, HEILBRIGÐI OG VELFERÐ, LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI, JAFNRÉTTI, SKÖPUN

Í aðalnámskránni stendur á blaðsíðu 14:

„Til hvers grunnþættir?

Grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.”

Til að koma þessum þáttum meðvitað og markvisst í hverja námsgrein þarf að skilgreina fyrst hvaða merkingu við leggjum í þessi hugtök og hvaða aðferðir eigum nota til þeir setji mark sitt á skólasterfið í heild.

Læsi í víðustu merkingu nær til margra þátta. Að gera börnin okkar læs á umhverfið og að geta stundað gagnrýna yfirvegum á öllu því efni sem flæðir yfir er afar mikilvægt til að búa þau undir það að vera virkir samferðamenn sem hafa getu til að hafa áhrif samfélagið og umhverfi sitt.

Hvað segja rannsóknir um lestur og lestraráhuga?

- Ánægja af lestri hefur sterk tengsl við árangur í lesskilningi (PISA).
- Sterkustu forspárþættir fyrir árangri í íslensku eru stjórn á eigin árangri og ánægja af bóklestri.
- Íslensk börn velta of lítið fyrir sér gildi lestrar samanborið við dönsk börn. Þar er lestur viðurkennt áhugamál barnanna, þau velta frekar fyrir sér og tala um hvað aðrir í bekknum eru að lesa en íslensku börnin gera.
- Því áhugasamari sem foreldrar eru um lestur, því meiri líkur á að börn þeirra stundi lestur.

„Það þarf að styrkja ungu lestrarhestana, efla sjálfstraust þeirra sem lesenda og búa til lesandi fyrirmyndir. Fulloröna fólkið verður um leið að taka lestraruppeldið fastari tökum bæði heima og í skólunum.lökun er ákvörðun, framfarir verða ekki nema með æfingum sem verða að vera fjölbreyttar” (bls. 65) Heimild: Brynhildur Þórarinsdóttir; Lestrarhestamennska, bls. 57 til 67. Tímarit Máls og Menningar 2012-2.

Skólaráð Öldutúnsskóla

Kjörnir fulltrúar í skólaráði luku tveggja ára tímabili sínu nú í vor og þarf að kjósa nýja fulltrúa. Í ráðinu sitja fulltrúar foreldra, nemenda og starfsmanna ásamt skólastjórum. Skólastjóri og stjórn foreldrafélagsins mun leita til einstaklinga til að gefa kost á sér í ráðið og verður kosning á aðalfundi félagsins þann 4. september næstkomandi. Við hvetjum þá sem hafa áhuga á að starfa í skólaráði til að hafa samband við Erlu Guðjónsdóttur skólastjóra erla.gudjonsdottir@oldutunsskoli.is eða Snædís Flosadóttur, formann foreldrafélagsins snaedis.flosadottir@arionbanki.is

Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins er reglugerð um hlutverk skólaráða í grunnskólum. Skólaráð heldur fundi að jafnaði sex sinnum á skólaárinu og eru þeir klukkan 08:00 til 9:30 á morgnana. Fundargerðir ráðsins eru á vef skólans í kaflanum um foreldrasamstarf.

Haustfundir með umsjónar-kennurum

Að venju verða foreldrar boðaðir til haustfunda um skólafundi í vetur. Fundirnir verða í september og eru að jafnaði ekki lengri en 90 mínútur. Við bindum vonir við að þeir verði vel sóttir eins og jafnan.

Að hjóla í skóla

Á haustin sem og vorin er eðlilegt að börnin komi á hjólum í skólann og eru foreldrar minntir á að brýna fyrir þeim að nota hjálma. Við lítum svo á að ef foreldrar treysta börnum sínum til að fara á hjóli í skólann þá eigi það einnig við þegar þau fara í sund eða leikfimi.

Munið eftir lásnum á hjólin, bæði reiðhjólin og hlaupahjólin, því við höfum ekki pláss til að geyma þau innanhúss.

Bílaumferð við skólann

Tafir á umferð verða óhjákvæmilega við upphaf skóladags þar sem yngri börnum skólans er hleypt út úr bílum á hringakstursleið við Víðihvamm. Foreldrar þurfa oft á tíðum að fara út úr bílum sínum til að hleypa börnunum út m.a. vegna barnalæsinga við aftursætin og telst sú athöfn eðlileg umgengni við hringakstursleiðina. Mikilvægt er að gera greinarmun á slíkri tímabundinni stöðvun bifreiðarinnar og lagningu hennar á þessum stað.

Við hvetjum foreldra til að gefa sér rúman tíma ef þeir keyra börn sín í skólann og þannig lágmarka streitu sem fylgir því þegar menn eru að flýta sér til vinnu á morgnana og hafa nauman tíma.

Með þetta að leiðarljósi stuðlum við að öryggi og vellíðan barnanna okkar í upphafi skóladags.

Veikindi og leyfi nemenda – tilkynningar og öryggisráðstafanir

Veikindatilkynningar og beiðni um leyfi nemenda skulu hafa borist skrifstofu skólans fyrir klukkan 9:00 á morgnana. Ef misbrestur verður þar á er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Við byrjum strax upp úr 8:30 að hringja í foreldra barna í yngstu bekkjunum ef þau hafa ekki skilað sér í skólann og engin tilkynning borist, og vinnum okkur áfram upp aldurstigann þar til skýringar hafa fengist á öllum fjarvistum. Kennarar viðhafa manntal í upphafi kennslustunda og hafi nemandi ekki skilað sér og skýring á því liggur ekki fyrir, gera þeir skrifstofu strax viðvart og hringt er til foreldra og leitað skýringa á fjarverunni. Þegar um veikindi er að ræða biðjum við um að það sé tilkynnt daglega meðan veikindin standa yfir. Ofangreindar vinnureglur eru fyrst og fremst af öryggisástæðum og með hag barnsins að leiðarljósi.

Skólareglurnar uppfærðar

Í október 2011 tók gildi ný reglugerð **um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum**. Við höfum uppfært skólareglurnar samkvæmt henni og birt á vefsíðu skólans.

Markmið þessarar nýju reglugerðar er m.a.

- Að nemendur geti notið bernsku sinnar og hæfileika og hafi öruggt umhverfi.
- Að stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum.
- Að stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun þeirra og samskipti.
- Að stuðla að gagnkvæmu trausti allra aðila í skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu, samábyrgð, kurteislegri framkomu og tillitssemi.
- Að haldið sé uppi námsaga þar sem tekið er tillit til mannréttinda barnanna og þarfa með áherslu á jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð, virðingu og bann við mismunun.
- Að hver skóli setji sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglum. Viðbrögðin stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

Skólasetning 23. ágúst

Eftir stutta athöfn á sal lesa umsjónarkennarar upp nöfn nemenda sinna og fylgja þeim síðan í heimastofur.

Nemendur mæti í samkomusal skólans á eftirfarandi tímum:

8. bekkur klukkan 08:30.

9. bekkur klukkan 09:15.

10. bekkur klukkan 10:00.

6. og 7. bekkur klukkan 10:45.

4. og 5. bekkur klukkan 11:30.

2. og 3. bekkur klukkan 12:30.

Viðtöl umsjónakennara við nemendur og foreldra í 1. bekk eru fimmtudaginn 23. og föstudaginn 24. ágúst. Kennsla hefst hjá þeim samkvæmt stundaskrá 27. ágúst.

VIRÐING VELLÍÐAN VIRKNI

Stefna Öldutúnsskóla

Í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld er stefna Öldutúnsskóla að:

Leggja áherslu á jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að efla sjálfa sig, styrkja sjálfsmynd sína og taki sífellt meiri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefur tilefni til.

Skólastarfið mótist af nútímalegum vinnubrögðum og séu gefandi og skapandi. Stundaðir séu fjölbreyttir kennsluhættir sem koma til móts við þarfir nemenda með áherslu á styrkleika þeirra.

Veita nemendum þekkingu til undirstöðu fyrir frekara nám og starf. Þeir eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu sem mótist af virðingu og víðsýni gagnvart samferðafólki.

Stunda gagnkvæmt samstarf og upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla sem styrki báða aðila að búa börnunum góð námsskilyrði.

Fréttir og tilkynningar

- **Dagatal skólans fyrir næsta skólaár er á vefsíðu skólans www.öldutunsskoli.is**
- **Við biðjum foreldra að huga að óskilafatnaði sem er í skólanum. Fatnaður frá fyrra ári sem enn er eftir mánudaginn 27. ágúst verður gefinn Rauða krossinum.**

Unglingar og hafragrautur

Við ætlum að hvetja unglingana til að borða hafragraut í fyrstu daglegu frímínútum þeirra og bjóða þeim grautinn endurgjaldslaust í eina viku frá og með 27. ágúst næstkomandi. Hafragrautur er fullur af góðum kolvetnum með orku sem endist vel í blóðinu og tilgangurinn er að auka vellíðan og einbeitingu nemenda. Eftir vikutilraun munum við selja skál af graut ásamt kanil og mjólk á kostnaðarverði. Við vonumst til að sem flestir sjái sér hag í að þiggja þessa þjónustu.

Gaman væri að fá tölvupóst frá foreldrum og heyra hvernig þeim líst á.



Öldutúnsskóli
VIRÐING - VELLÍÐAN - VIRKNI

